

Norðurlandi vestra, 20. janúar 2020

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð.

Í samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar frumvarp til laga um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Stjórn ítrekar umsagnir á fyrri stigum máls og vill sérstaklega árétta þá athugasemd sína sem ítrekað hefur komið fram og varðar skerðingu skipulagsvalds sveitarfélaganna sem óhjákvæmilega felst í stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Stjórnunar- og verndaráætlanir og/eða svæðisráð geta og mega aldrei takmarka þetta óskoraða skiplagsvald sveitarstjórna.

Stjórn SSNV tekur jafnframt undir framkomnar umsagnir sveitarfélaganna á starfssvæði samtakanna og gerir þær að sínum en þar er lagst gegn framgangi frumvarpsins í núverandi mynd.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að gera umsagnir um málið á seinni stigum.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.